



Selfossi 5. júní 2020

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**8. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn föstudaginn 5. júní 2020, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.**

**Mætt: Eypór H. Ólafsson, formaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson, Björgvin Skapti Bjarnason, Sverrir Haukur Grönli, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.**

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.**

### **1. Útboð á stiga- eða körfubíl**

Haukur sagði frá vinnu vegna útboðsgagna fyrir nýjan stiga- eða körfubíl. Kaup á körfu- eða stigabíl var samþykkt í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Ákveðið að vinna að útboðinu í samstarfi við Slökkvilið Akureyrar. Eftir vinnu samstarfshóps frá BÁ og SA var niðurstaðan að kaupa stigabíl og eru útboðsgögn að verða tilbúin miðað við þær kröfur sem hópurn var sammála um. Líklegt er að greiða þurfi 30% af sammingsupphæð við undirritun og afgang við afhendingu sem líklega verður ekki fyrr en um mitt ár 2021

### **2. Nýir kjarasamningar LSOS**

Unna kynnti helstu breytingar á nýjum kjarasamningi LSOS og sveitarfélaga. Umræður.

### **3. Önnur mál**

- a.** Næsti fundur verður haldinn í lok sumars. Tímasetning verður ákveðin þegar nær dregur.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið kl. 9.32